

Ed.

870. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Í frumvarpinu eins og það kemur frá háttvirtri neðri deild eru feldar burt tvær upphæðir: sundkensla í Reykjavík 600 kr. og námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 225 kr. Upphæðir þessar höfðu verið veittar fyrir fjárhagstímabilið 1910—1911 en eigi notaðar þá, en þær voru svo greiddar 1912. Upphæðir þessar höfðu verið settar inn í frumvarpið í þessari deild til endurveitingar. Báðar deildir Alþingis hafa þannig haft tækifæri til að lýsa því, að þær eru greiðslunni samþykkar, og stendur því á litlu hvort upphæðir þessar standa í frumvarpinu eða ekki.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Etri deild Alþingis, 7. sept. 1915.

Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
formaður og framsm.	skrifari.

Guðm. Ólafsson.